





Gildandi skipulag

Mkv.: 1:10.000



Breytt skipulag



## Breyting - stækkun Flóahverfis, jarðstrengur

Bæjarstjórn Akraness leggur til að Aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 2017 verði breytt í Flóahverfi norðan og austan Þjóðveggar (svæði A11). Unnið er að endurskoðum deiliskipulags hverfisins. Aðalskipulagsbreytingin mun felast í stækkun hverfisins til suðausturs og breytingu á skjólbeltum umhverfis svæðið. Einnig verður gert ráð fyrir nýjum 66 kV jarðstreng frá Brennimel að aðveitustöð á Smiðjuvöllum. Innan núverandi byggðar fylgir jarðstrengurinn götum og stígum meðfram öðrum stofnilögnum og kallar ekki á sérmerkingu á aðalskipulagsupprætti. Ekki er um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun.

### Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Breytingar eru gerðar á sérákvæðum í köflum 3.3.6 Opín svæði til sérstakra nota og 3.3.7 Athafnasvæði.

### Gildandi skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
A11	16,5	Nýtt athafnasvæði norðan þjóðveggar	Óbyggt og óskipulagt	Vinna skal deiliskipulag svæðisins. N: 0,5 – 0,7
O11		Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.

### Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
A11	20	Flóahverfi, athafnasvæði	Deiliskipulag í gildi. Gatnagerð hafin. Óbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall verður ákveðið í deiliskipulagi.
O11	5,7	Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.

### Breytingar á skipulagsupprætti

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Landnotkunarreitur A11 er stækkaður til suðausturs um 3,5 hektara.
- Gróðurbeltum umhverfis svæðið er breytt til samræmis. Gert verður ráð fyrir skjólbelti norðvestan svæðisins milli þess og Akrafjallsveggar (51).
- Sýndar eru tengingar svæðisins við megingatnakerfi og tenging við iðnaðarsvæði I5.
- Mejingönguleið er breytt til samræmis við gildandi deiliskipulag.
- Flutningslína raforku, 66 kV jarðstrengur, er sýnd norðan Akrafjallsveggar (51) og austan Flóahverfis að sveitarfélagamörkum.

### Áhrifamat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 þar sem í henni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000. Á athafnasvæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum.

Lagningu jarðstrengja 10 km eða lengri utan þéttbýlis skal tilkynna til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar um það hvort framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Það á við strenginn utan bæjarmarkna Akraness.

Svæðið er raskað og snertir breytingin hvorki sérstæðar náttúruvinnur né sérstök vistkerfi sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Garðafló var ræstur fram og ræktaður fyrir miðja 20. öld. Svæðið er ekki nýtt til landbúnaðar lengur.

Í aðalskrá fornleifa, sem unnin var á árunum 1997-1999 er enginn minjastaður á skipulagsvæðinu eða nálægt því.

Breytingin mun ekki hafa áhrif á aðrar áætlanir og gengur ekki gegn stefnu stjórnvalda um umhverfismál, náttúruvernd og vernd menningarminja. Breytingin á ekki við viðfangsefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Umhverfisáhrif breytingarinnar eru óveruleg.

- Mörk skipulagsvæðis
- ib Ibúðarsvæði
- ib B Ibúðarsvæði, blönduð byggð
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- O Óbyggt svæði
- Opín svæði til sérstakra nota
- Sorpforgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði
- Landfylling
- R Fornminjar
- Merking landnotkunarreita
- Blönduð landnotkun
- Skipulagi frestað
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Stofnstigur innan byggðar
- Megin útivistarstigur
- Megin útivistarstigur og reiðleið
- Reiðleið
- Flutningslinur rafveitukerfis
- Flutningslinur rafveitukerfis Jarðstrengur
- Aðveitulög hitaveitu
- Aðveitulög vatnsveitu
- Útrás fráveitu

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_

6. 12.2018/21.1.2019

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí